

snertir þær 24 kr., sem áfrýjandinn hefur heimtað endurgoldnar sem ofgreidda vexti, þá ber að vísa málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður, og málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjandans fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 30 kr., að greiðast úr opinberum sjóði.

Að því leyti sem mál þetta hefur verið gjafsóknarmál hefur flutningur þess verið lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda Jóhannesi Guðmundssyni ber að skila áfrýjandanum, Margrjetu Ingjaldsdóttur, skuldabryti, útgefnu 29. maí 1866 af Sigurjóni Jónssyni á Einarsstöðum, hljóðandi upprunalega upp á 400 rd. eða 800 kr., með áritaðri lögmatrí kvittun um, að upphæð sú, sem það hljóðar um, sje borguð, eða greiða henni 465 kr. 8 a. með 3% vöxtum frá 29. maí 1873 til þess borgað er. Svo ber hinum stefnda og að borga áfrýjandanum 200 kr. Að öðru leyti vísast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður, og hinum skipaða talsmanni áfrýjandans fyrir yfirdóminum, Páli málaflutningsmanni Melsteð, greiðist í málsfærslulaun 30 kr. úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 18/1880

Dr. Grímur Thomsen sem
varaforséti Þjóðvinafjelagsins
gegn

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 20. maímán. þ. á., hefur varaforseti Þjóðvinafjeldagsins, Dr. Grímur Thomsen, skotið til yfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 29. dag aprílmán. þ. á., og er hinn stefndi, landshöfðingjaritari Jón Jónsson, með þeim dómi dæmdur til innan 15 daga frá birtingu dómsins að gjöra áfrýjandanum, varaforseta hins íslenzka Þjóðvinafjeldags, Dr. Grími Thomsen:

1. full reikningsskil fyrir fje því, er hann á tíma-bilinu frá alþingislokum 1877 til alþingisloka 1879 hefur veitt móttöku fyrir hönd hins íslenzka Þjóðvinafjeldags, og skila því fje, er það enn kann að eiga í vörzlum hans;
2. gjöra grein fyrir þeim bókum nefnds fjeldags, sem hann hefur tekið við, og skila þeim, sem enn þá kunna að vera í hans vörzlum, og sömuleiðis eldri reikningum fjeldagsins, að viðlagðri 5 kr. sekt fyrir hvern þann dag fram yfir ofan til tekinn tíma, er hann lætur farast fyrir að fullnægja dómi þessum í sögðu tilliti.

Svo er hann og dæmdur til að greiða áfrýjanda í málskostnað 12 kr.

Hefur áfrýjandi krafizt fyrir yfirdóminum, að dómur undirrjettarins verði staðfestur, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda fyrir hönd Þjóðvinafjeldagsins málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi hefur ekki gagnstefnt málinu, og hafði hann þó fengið 3 vikna frest til þess, heldur hefur hann, eptir að fresturinn var liðinn, lagt fram stefnu, dagsetta 13. maímán. þ. á., sem átti að koma fyrir yfirdóminn 26. júlímán. næst á eptir, og samkvæmt þessari stefnu hefur hann krafizt að verða sýkn-

aður af kærnum og kröfum áfrýjandans í þessu máli, og að hann verði skyldaður til að greiða honum málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi eptir mati rjettarins. Hefur hann viljað rjettlæta þessa aðferð sína með því, að áfrýjandinn hafi nefnt þá stefnu, er hann tók út í málinu, gagnáfrýjunarstefnu.

En eins og það er rjettmæli, að áfrýjandinn hefur nefnt stefnuna gagnáfrýjunarstefnu, af því stefndi var búinn að taka út og láta birta aðaláfrýjunarstefnu, þegar hin var tekin út, eins gat hinn stefndi ekki, svo þýðingu hefði, lagt fram stefnu þá, sem hann hafði tekið út, fyr en hún að rjettu lagi átti að koma fyrir, nema mótparturinn samþykkti það, en það hefur hann ekki gjört, heldur miklu fremur mótmælt því.

Með því hinn stefndi þannig ekki hefur gagnáfrýjað málinu. er ekki unnt að breyta hinum áfrýjaða dómi honum í hag, heldur ber, samkvæmt kröfu áfrýjandans, að öllu leyti að staðfesta undirrjettardóminn.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. júlímán.

Nr. 26/1880.

Rjettvísinn

gegn

Jóni Erlindssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Reykja-